

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í framangreindri eign til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarpóla lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Neitar að skrifa undir.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 224/1980. **Ákærvaldið**

gegn

Erlu Bjarnadóttur.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1980, en ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kærunnar, svo sem áskilið er í nefndri 171. gr. greindra laga. Gögn máls bárust Hæstarétti 7. nóvember 1980. Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, krefst varnaraðili þess, að héraðsdómarinn, Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, víki sæti í máli, er af hálfu ákærvalds hefur verið höfðað gegn henni með ákæruskjali 29. janúar 1980, þar sem hún er sótt til saka fyrir brot gegn umferðarlögum.

Engin rök eru færð fyrir kæru þessari, sem er að ófyrirsynju.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. nóvember 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 5. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Erlu Bjarnadóttur. Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að dómarrinn víki sæti í málinu, og var sú krafa tekin til dóms eða úrskurðar þann 30. október sl.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 29. janúar sl., á hendur ákærðu, Erlu Bjarnadóttur húsmóður, Mávahlíð 30 í Reykjavík, fæddri 15. mars 1925 þar í borg, „fyrir að hafa, um kl. 18.50, miðvikudaginn 7. júní 1978 ekið bifreiðinni R 832 suður Bergstaðastræti í Reykjavík án nægilegrar aðgæslu fram hjá blindhorni við Njarðargötu og án þess að gefa nægan gaum að og víkja fyrir umferð frá hægri með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreið ákærðu og bifreiðinni R 4875, sem ekið var upp Njarðargötuna, ákærðu á hægri hönd.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., c og f liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Er ákærða kom fyrir dóm 28. mars sl., óskaði hún eftir því, að eiginmaður hennar, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, yrði skipaður verjandi sinn. Dómarinn tjáði ákærðu, að hann gæti ekki orðið við þeirri beiðni hennar, þar sem dómarinn hefði lagt fram kæru á hendur lögmanninum hjá Lögmannafélagi Íslands vegna ósæmilegrar framkomu hans í garð dómarrans í símtali þann 27. mars sl. Taldi dómarinn því með vísan til 85. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki unnt að skipa Hörð Ólafsson verjanda ákærðu. Ákærða skaut þessari ákvörðun til Hæstaréttar Íslands, og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum þann 11. apríl sl., var framangreind ákvörðun dómarrans úr gildi felld. Með bréfi, dagsettu 14. október sl., var Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærðu og honum veittur frestur til fimmtudagsins 30. október 1980, kl. 1330, til þess að skila skriflegri vörn í málinu. Þann dag mætti ákærða og lagði fram dskj. nr. X, vörn, sem hún undirritaði sjálf. Í skjali þessu

var gerð krafa um, að dómariinn víki sæti í málinu, og jafnframt var beiðni ákærðu um skipun sérstaks verjanda afturkölluð.

Í skjalinu segir svo orðrétt:

„Dskj. nr. VIII er mótmælt sem máli þessu óviðkomandi. Ef rekja ætti sögu þess, er gagnasöfnun ábótavant. Eiginmaður minn reyndi að fá sækjanda til að falla frá kröfum sínum, sem okkur hjónum fannst smásmugulegar og ósanngjarnar eins og á stóð. Mér skilst, að eiginmaður minn kunni loks að hafa snúizt við neitun sækjanda með örvæntingarorðum í lok símtals við dómara, sem enga sök átti og tók þau óstinnt upp.

Ekki á ég þó að eiga á hættu að kunna að gjalda missættis milli þeirra um hluti, sem ekkert koma málinu við. Finnst mér því báðir óhæfir og fara best á því, að hvorugur hafi frekari afskipti af þessu máli.“

Er dómariinn hafnaði beiðni ákærðu um, að Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður verjandi hennar, vísaði hann í því sambandi til 85. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem segir m. a., að ekki megi skipa þann mann verjanda, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið. Hæstiréttur féllst ekki á þessi rök dómars, og verður því ekki séð, að dómariinn sé á nokkurn hátt vanhæfur til þess að fara með mál þetta. Samkvæmt þessu verður krafa ákærðu því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa ákærðu, Erlu Bjarnadóttur, um, að dómariinn víki sæti, er ekki tekin til greina.
